
Ársskýrsla Æskulýðsnefndar Spretts 2017



Efnisyfirlit

Samantekt.....	3
Dagskrá Æskulýðsnefndar 2017	3
Spila- og pizzakvöld.....	4
Vetrarleikar/mót.....	4
Blue Lagoon Mótaröð	4
Námskeiðahald	5
Polla- og barnanámskeið.....	6
Keppnisnámskeið	6
Knapamerki	7
Hestamennsku námskeiðin.....	7
Hestadagar, hópreið hestamanna um miðbæ Reykjavíkur	10
Æskan og hesturinn	10
Páskabingó.....	11
Þrauta- og leikjadagur (föstudagurinn langi)	11
Dagur Íslenska Hestsins 1. maí	12
Lokaorð	12

Samantekt

Æskulýðsnefnd Spretts fór af stað með fimmta starfsár sitt og hófst starfið með hefðbundnum hætti. Að vanda var lögð áhersla á að vera með viðburði sem henta öllum aldurhópum æskunnar og áhugasviði. Bæði fyrir þau sem hafa áhuga á keppni og einnig fyrir þau sem ríða út sér til skemmtunar.

Dagskrá vetrarins var metnaðarfull og var nóg um að vera. Námskeiðin voru mjög fjölbreytt og voru vel sótt.

Æskulýðsnefnd Spretts skipuðu árið 2017:

Arnhildur Halldórsdóttir

Guðrún Jónsdóttir

Sigrún Valþórsdóttir

Guðrún Einarsdóttir

Dagskrá Æskulýðsnefndar 2017

- 18. jan. Knapamerkjanámskeið hefst
- 19. jan. Hestamennska II og IV
- 18. jan. Spila-og pizzakvöld
- 20. jan Hestamennska fyrir alla
- 21. jan Unglinganámskeið
- 24. jan Almennt krakkanámskeið
- 25. jan Pollanámskeið og Krakkanámskeið (byrjendur)
- 20. feb. Æfingar fyrir „Æskan og hesturinn“ hefst
- 5. feb Blue Lagoon mótaröðin fjórgangur
- 3.-9. mars. Keppnisnámskeið fyrir börn, unglinga og ungmenni
- 16. mars Páskabingó
- 19. mars Blue Lagoon mótaröðin fimmgangur
- 10. apríl Sýningin „Æskan og hesturinn“
- 25. mars Þrauta- og leikjadagur (föstudagurinn langi)
- 30. apríl Blue Lagoon mótaröðin töl
- 1. maí. Dagur íslenska hestsins

10. okt. Hestamennska III

10. okt. Hestamennska V

29. des. Jólaball Spretts

Spila- og pizzakvöld

Fyrsta verkefni æskulýðsnefndarinnar var að halda spila og pizzakvöldi 18.janúar og er þetta orðinn fastur liður í byrjun vetrar til að hrista hópinn saman. Góð mæting var og skemmtilegt kvöld sem krakkarnir áttu saman. Æskulýðsnefndin kynnti dagskrá sína og fékk fleiri góðar hugmyndir fyrir vetrarstarfið. Krakkarnir komu mörg hver með spil með sér að heiman og myndaðist skemmtileg stemmning þegar setið var og spilað, spjallað, borðað pizzur og hlegið.

Vetrarleikar/mót

Haldnir voru þrennir vetrarleikar og var þátttaka æskunnar glæsileg. Vetrarleikarnir eru mótaröð og talið til stiga fyrir hvert mót og svo sameiginlegir meistarasar verðlaunaðir í lokin. Pollarnir og börnin kepptu ávallt inn í Spretthöllinni en unglingar og ungmenni úti á velli þegar veður og færð leyfðu. Ákveðið var að skipta pollaflokknum í tvennt, pollar sem eru teymdir og pollar sem ríða sjálfir. Allir þeir pollar sem tóku þátt hlutu þátttökuverðlaun, þ.e. ekki var raðað í sæti.



Mynd 1 – T.v. Keppandi í Pollaflokki með þátttökuverðlaunin sín. Mynd 3 – T.h. Keppendur í unglingaflokki á þriðju vetrarleikum Spretts.

Blue Lagoon Mótaröð

Sprettur bauð upp á opna mótaröð fyrir polla, börn, unglinga og ungmenni í vetur þar sem keppt var í þremur greinum fjörgangi, fimmgangi og tölti.

Öllum börnum og ungmennum á landinu stóð til boða að taka þátt og var boðið upp á mismunandi styrkleikaflokka þar sem flestir fundu keppnisgrein við sitt hæfi. Pollarnir fengu að sjálfsögðu að taka þátt í tölti og þrígangi. Dómararnir gáfur þeim jákvæðar umsagnir og allir fengu þátttökuverðlaun. Gott veganesti og æfing fyrir þau börn sem vilja taka þátt í keppni á komandi árum.

Blue Lagoon mótaröðin var einstaklingkeppni og söfnuðu knapar stigum og sá sem var með flest stig í sínum flokki vann mótaröðina en einnig var verðlaunað í sæti eftir hvert mót og glæsileg verðlaun voru í boði.

Okkur Spretturum þótti takast vel til og mikil ánægða var meðal keppenda og ætlum við að halda aðra Blue Lagoon Mótaröð árið 2018



Mynd- Keppendur í barnaflokki í Blue Lagoon mótaröðinni

Námskeiðahald

Fræðslunefnd Sprettis stóð fyrir frábæru vali glæsilegra námskeiða fyrir börn, unglinga og ungmenni. Eftirfarandi námskeið voru í boði:

Polla og barnanámskeið fyrir yngstu börnin 4-6 ára

Hestamennska fyrir börn á aldrinum 6-13 ára

Knapamerki 1-5 fyrir 12 ára og eldri

Keppnisnámskeið 10 ára og eldri

Unglinganámskeið - Ungir Sprettarar fyrir 12-18 ára

Paratímar þar sem foreldrar og börn gátu nýtt sér að mæta saman í reiðtíma.

Ævintýranámskeið fyrir börn og unglinga

Reiðkennararnir Þórdís Anna Gylfadóttir, Sigrún Sigurðardóttir, Róbert Pedersen, Súsanna Sand, Matthías Kjartansson og Sara Rut Heimisdóttir sáu um kennsluna s.l. vetur.

Polla- og barnanámskeið

Polla- og barnanámskeið voru ætluð yngsta aldurshóp hestamennskunnar. Boðið var upp á námskeið í janúar og aftur í mars. Sara Rut Heimisdóttir sá um kennsluna.

Þátttaka var góð. Á þessum námskeiðum var lögð áhersla á grunnatriði hestamennskunnar. Bæði í gegnum æfingar og leik.



Mynd 2 – Pollarnir þakka hestum sínum fyrir í lok tímans og knúsa þá. Foreldrarnir fylgjast áhugasamir með.

Keppnisnámskeið

Var haldið fyrir börn, unglinga og ungmenni í Spretti og var því ætlað að styðja við bakið á þeim sem vildu styrkja stöðu sína á því sviði og undirbúa sig og hesta sína fyrir keppnir.

Námskeiðið hófst í byrjun mars og fór fram í reiðhöll Sprettara Samskiptahöllinni og að þessu sinni var Ragnhildur Haraldsdóttir kennari.

Þar sem fyrirkomulag þessara námskeiða í fyrra þótti takast mjög vel var ákveðið að hafa það eins í ár. Byrjað var með að kenna í þriggja manna hópum en síðan var farið að kenna einstaklingstíma og fékk hver þátttakandi þá 20 mín einu sinni til tvisvar sinnum í viku. Kennarar fylgdu þeim sem þess óskuðu á Líflandsmótið, Reykjavíkurmeistaramóti, Æskulýðsmót Sprettis og Íslands móti á Hólum Hjaltadal.

Knapamerki

Boðið var upp á kennslu í knapamerkjunum vinsælu í vetur. Bóklegu tímarnir hófust í nóvember og stóðu fram til miðs desember. Í byrjun janúar var svo farið af stað með verklegu tímana í reiðhöllinni.

Reiðkennararnir Þórdís Anna Gylfadóttir og Matthías Kjartansson sáu um kennsluna. Kennnd voru öll stig knapamerkjanna. Kennari í knapamerki 1 og 2 var Matthías Kjartansson, nýútskrifaður reiðkennari frá Hólaskóla en mikilvægt er fyrir hestamannafélögin að gefa nýútskrifuðum reiðkennurum tækifæri til kennslu og jafnvel að hvetja þau til að koma og kenna.

Kennari í knapamerkjum 3, 4 og 5 var Þórdís Anna Gylfadóttir. Fimm nemendur sóttu námskeið í knapamerki 3 og fjórir nemendur sóttu námskeið í knapamerki 4. Einn nemandi var í knapamerki 5. Hildur Berglind Jóhannsdóttir kláraði knapamerkjapróf 5 með stæl. Framan af vetri sótti hún kennslu með knapamerki 4 en þegar fór að líða nær vori fékk hún einkakennslu. Athygli vekur hversu margir nemendur veigra sér við knapamerki 5 og hversu mikið brottfall er á milli knapamerki 4 og 5.



Mynd 3 – Hildur Berglind, t.v., að loknu verklegu prófi í knapamerki 5 ásamt hesti sínum og Þórdísi Önnu t.h.

Hestamennsku námskeiðin

Hestamennsku námskeiðin hafa verið fastur liður hjá hestamannafélaginu Spretti undanfarin ár. Námskeiðin eru kennd að hausti og að vori. Reiðkennarar í Hestamennsku námskeiðunum eru tveir, þær Sigrún Sigurðardóttir og Þórdís Anna Gylfadóttir.

Á haustin er blandað saman bóklegri kennslu við verklega kennslu. Í bóklegri kennslu eru fengnir fyrirlesarar til að koma í heimsókn sem og hópurinn fer í heimsóknir til hrossaræktarbúa. Mikil ánægja er meðal barna og unglinga með framboð á námskeiði á hausti sem gefur þeim tækifæri á að stunda sína íþrótt allan ársins hring. Að vetri/vori er eingöngu kennt verklegt.



Mynd 4 & 5– Nemendur í Hestamennsku heimsóttu hrossaræktarbúið Auðsholtshjáleigu sl. haust.

Hestamennsku námskeiðið hófst á Hestamennsku I haustið 2014 en nú í haust fer Hestamennska VII í gang. Sá hópur sem er nú skráður í Hestamennsku VII er að uppistöðu sá sami og hóf göngu sína haustið 2014 þá í Hestamennsku I. Mikill og góður félagsskapur hefur myndast meðal barnanna á þessum árum.

Á hverju ári er boðið upp á námskeið af Hestamennsku, misjafnt er á hvaða stigum er kennt hverju sinni og fer það eftir getu barnanna hverju sinni. Síðastliðinn vetur var kennd Hestamennska I, II, V og VI.

Mismunandi þema er kennt á hverju námskeiði fyrir sig. Síðastliðinn vetur var lögð áhersla á að kenna reiðleiðir, mismunandi ásetur, gangtegundir, hindrunarstökk og munsturreið. Börnin tóku þátt í sýningum og kepptu í þrautabraut.



Mynd 6 & 7 – Myndir teknar úr reiðtímum á Hestamennsku námskeiði.

Ævintýranámskeið



Þórdís Anna Gylfadóttir reiðkennari hélt Ævintýranámskeið fyrir börn og unglinga þegar líða fór að sumri. Kennslan fór eingöngu fram utandyrá. Kennt var í 5-6 manna hópum. Lögð var áhersla á að fara saman í reiðtúra, þjálfá með öðrum, hjálpast að, þjálfá gangtegundir og ásetu í reiðtúrum og nota mismunandi landslag til þjálfunar enda er fjöldi frábærra reiðleiða mikill á félagssvæði Spretts. Ekki síður að hafa gaman og bjóða uppá kennslu utandyrá. Námskeiðið var kennt á 4 vikna tímabili, 6 skipti. Síðasta skiptið voru hóparnir sameinaðir og farið í kvöldreiðtúr upp í Heiðmörk. Veðrið var misjafnt, þó oftast gott, en alltaf mættu nemendur hressir og kátir. Vel tókst til, mikill fjöldi nemenda og áhugi á að endurtaka námskeiðið næsta vor.

Mynd 8 – Lagt af stað í kvöldreiðtúr. Allir hressir!

Hestadagar, hópreið hestamanna um miðbæ Reykjavíkur


Æskan var duglega að fjölmenna í hópreið hestmanna um miðbæ Reykjavíkur og þótti frábær fyrirmynd fyrir hönd Hestamannafélagsins Spretts.



Mynd 9 & 10 – Æskan á öllum stigum í hópreiðinni.

Æskan og hesturinn

Æfingar fyrir Æskuna og hestinn hófust í febrúar í reiðhöllinni og fékk æskulýðsnefndin góðan liðstyrk frá Sigrúnu Sigurðardóttur og Þórdísi Önnu Gylfadóttur reiðkennurum sem útfærðu metnaðarfullt atriði og sáu um æfingar sem byrjuðu snemma þetta árið. Atriðin frá Spretti voru tvo að þessu sinni og voru mjög vel heppnuð. Þau voru einnig notað á Dymbilvikusýningu Spretts um páskana, á degi íslenska hestsins 1.maí.



Mynd 11 & 12 – Flottir krakkar úr Spretti á sýningunni Æskan & Hesturinn.

Páskabingó

Nokkrum dögum fyrir páska hélt Æskulýðsnefndin Páskabingó þriðja árið. Vinningar voru ekki af verri endanum og mörg fyrirtæki styrktu okkur og erum við þeim afar þakklát. Páskaegg í öllum stærðum og gerðum voru líka í vinning. Páskabingóið sló en eitt aðsóknarmetið og fylltist veislusalur Spretts sem tekur á bilinum 150-200 manns í sæti. Æskulýðsnefndin seldi pizzur og drykki á staðnum og gaman var að sjá eftirvæntinguna í andlitum barnanna sem biðu eftir því að geta sagt BINGÓ. Mjög vel heppnaður viðburður sem verður fastur liður í dagskrá vetrarins.

Þrauta- og leikjadagur (föstudagurinn langi)

Vel heppnaður Þrauta- og leikjadagur Spretts fór fram á Föstudaginn langa þann 14.mars. Frábær mæting frá ungu knöpunum okkar en alls voru 64 börn skráð til leiks. Mikil keppni var um besta tímann í brautinni og stóðu knapar og hestar sig með miklum sóma. Eftir þrautabrutina var grillað og allir knapar leystir út með páskaeggjum í tilefni af páskahátíðinni.

Frábær og vel heppnaður dagur í Spretti og skemmtileg hefð sem hefur skapast í kringum þennan dag. Margar fjölskyldur fara ekki úr bænum yfir páskana því enginn vill missa af Þrauta- og leikjadesinum.



Mynd 13 – Myndarleg er æskan innan Hestamannafélagsins Spretts.

Dagur Íslenska Hestsins 1. maí

Sprettur hélt daginn hátíðlegan og bauð upp á dagskrá í reiðhöll Sprettis fyrir unga sem aldna. Glæsilegt atriðið Sprettara úr Æskan og Hesturinn var endursýnt. Boðið var upp á að teyma undir börnum og ömmur og afar, frændur og frænkur mættu til að halda upp á daginn og þiggja vöfflur og kaffi í reiðhöllinni og horfa á sýninguna.



Mynd 14 – Undirbúningur fyrir aðtriði á Hestadögum 1.maí

Lokaorð

Í heildina erum við í Æskulýðsnefnd Sprettis virkilega ánægð með síðasta starfsár og við erum virkilega spennt á takast á við ný verkefni á frábæru félagssvæði Sprettis sem býður upp á eina af bestu aðstöðum á landinu til að stunda hestamennsku.

Nú þegar er hafin mikil vinna bæði í námskeiðahaldi sem og almennu félagsstarfi til að tryggja að árið 2018 verði jafn öflugt eða öflugra en 2017.